

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á Fljótagrunni.

#### 1. gr.

Allar línuveiðar eru bannaðar á svæði á Fljótagrunni sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°07,00'N – 19°05,00'V
2. 66°07,00'N – 19°34,00'V
3. 66°14,00'N – 19°26,00'V
4. 66°14,00'N – 19°13,00'V
5. 66°11,00'N – 18°58,00'V

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 742, 1. september 2009, um bann við línu- og handfæraveiðum á Fljótagrunni.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. ágúst 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Erna Jónsdóttir.*